

SKIPULAGSSKRÁ

Fyrir minningarsjóð Emilíu

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Emilíu. Sjóðurinn er stofnaður af Hundaræktarfélagi Íslands samkvæmt ósk Emilíu Sigursteinsdóttur heiðursfélaga.

2. gr.

Minningarsjóðurinn er styrktarsjóður og er hlutverk hans að styrkja málefni heimilislausra hunda.

3. gr.

Stjórn HRFÍ fer með stjórn minningarsjóðsins. Við ákvarðanatöku innan sjóðsins ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 300.000.00 Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru, framlög vegna minningarkorta, frjáls framlög einstaklinga og fyrirtækja. Árlegt framlag Hundaræktarfélags Íslands, vextir af höfuðstóli. Merktur söfnunarkassi verður á sýningum og öðrum upptökum á vegum HRFÍ.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign. Stjórn annast styrkveitingar úr sjóðnum.

Starfsárið skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrk/styrkjum 8. ágúst ár hvert.

Stjórnin tekur ákvörðun um styrkþega:

- Sjálfstætt
- Eftir tillögum frá stjórn HRFÍ
- Eftir ábendingum hundeigenda
- Eftir umsóknum

Úthlutun úr sjóðnum verður kynnt á eða í tengslum við haustsýningu HRFÍ ár hvert og/eða í sýningarskrá og Sámi.

7. gr.

Félag skjörnir skoðunarmenn Hundaræktarfélags Íslands eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.